



Ársfundur FG

Ársfundur Félags grunnskólakennara var haldinn 17. mars sl. Í lögum FG segir um ársfund:

Þau ár, sem ekki er haldinn aðalfundur, skal stjórn félagsins boða til ársfundar þar sem m.a. er fjallað um starfsemi félagsins og starfsáætlun auk þess sem reikningar þess eru lagðir fram. Rétt til setu á ársfundum hafa stjórn og varastjórn, formenn svæðafélaga, skólamálanefnd, samninganefnd og formenn annarra fastanefnda. Stjórn félagsins hefur umboð til að kalla til fleiri fulltrúa ef þurfa þykir. Auk þeirra sem getið er í greininni hér að ofan voru varamenn samninga- og skólamálanefndar boðaðir á fundinn. Kennaranemum í KHÍ og HA var einnig boðið að senda fulltrúa. Fyrir hádegi voru venjubundinn ársfundarstörf, skýrsla stjórnar lögð fram, reikningar og erindi frá talsmanni

samninganefndar og formanni skólamálanefndar. Stjórn FG hefur ásamt kynninganefnd unnið að kynningar- og ímyndarmálum félagsins. Leitað var til nokkurra auglýsinga- og markaðsstofa. Þrjár þeirra lögðu fram hugmyndir um hugsanlega framkvæmd á ímyndar- og kynningarmálum félagsins. Ákveðið var að leita eftir því við auglýsingastofuna Hvíta húsið að vinna heildartillögu um þessi mál og leggja fyrir ársfund félagsins. Fulltrúi frá Hvíta húsinu kom á fundinn og kynnti tillögur þeirra um ímyndar- og kynningarmál. Ársfundurinn samþykkti tillögu þar sem, að stjórn FG var falið að semja við fyrirtækið um framhald málsins og tryggja að verkefnið kæmist í framkvæmd, en um leið tryggja að gætilega yrði farið með fjármögnun verkefnisins og láta það ekki bitna á öðrum störfum FG. Verkefnið verður kynnt síðar.

Eftir hádegi voru flutt erindi frá Höllu Thorlacius, Guðmundi Birgissyni og Sólveigu Ebbu Ólafsdóttur. Fjölluðu þau um störf námskrárvinnuhópanna í ensku, stærðfræði og íslensku og tillögur þeirra um breytingar til Menntamálaráðuneytisins. Að þeirra mati er um óverulegar breytingar og áhrif á grunnskólann að ræða. Þau töldu einnig að grunnskólakennarar væru, ef til þess kæmi, vel í stakk búnir til að fást við hugsanlegar breytingar. Deginum lauk með umræðum um samkomulag KÍ við menntamálaráðherra og fleiri mál.



Samninganefndarnámskeið

Í síðustu viku var haldið tveggja daga námskeið fyrir Samninganefnd FG á Hótel Heklu á Skeiðum. Tilgangur námskeiðsins var m.a. að kynna fyrir fólki hvernig samninganefndir starfa, hvaða leikreglur gilda



innan og utan hópsins og efla liðsheildina. Ásmundur Stefánsson ríkissáttasemjari kom í heimsókn og ræddi samningamál út frá sínu sjónarhorni. Sérfræðingur hjá IMG Gallup sá

um hópeflisþáttinn en námskeiðið var í umsjón Mímis, símenntunar.



Helmasíða FG


www.fgk.is

Breytingar í stjórn FG

Palóma Martinez Ruis, kennari í Lindaskóla, hefur óskað eftir því að ganga úr stjórn FG af persónulegum ástæðum. Palóma hefur verið ritari stjórnar. Skv. kosningum á aðalfundi félagsins á Selfossi í febrúar 2005 er næsti varamaður inn í stjórn FG, Sigurður Haukur Gíslason kennari í Snælandsskóla. Við starfi Palómu sem ritari tekur Valgerður Eiríksdóttir kennari í Fellaskóla.

Stjórn FG þakkar Palómu fyrir gott samstarf og óskar henni velfarnaðar.

Sigurður Haukur er boðinn velkominn til starfa.



Íslensku menntaverðlaunin

Forseti Íslands afhendir ár hvert Íslensku menntaverðlaunin en til þeirra var stofnað af af forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni á grundvelli hugmynda sem hann kynnti í nýársávarpi 1. janúar 2005. Íslensku menntaverðlaunin eru einkum bundin við grunnskólastarfið. Verðlaun eru veitt í fjórum flokkum:

1. Skólum sem sinnt hafa vel nýsköpun eða farsælu samhengi í fræðslustarfi
2. Kennurum sem skilað hafa merku ævistarfi eða á annan hátt hafa skarað fram úr.
3. Ungu fólki sem í upphafi kennsluferils hefur sýnt



hæfileika og lagt alúð við starf sitt.

4. Höfundum námsefnis sem stuðlað hafa að nýjungum í skólastarfi. Tilnefningar til Íslensku menntaverðlaunanna geta borist skrifstofu forseta Íslands með tvennum hætti: Rafrænt á netfangið: menntaverdlaun@forseti.is eða með skriflegum hætti á eftirfarandi heimilisfang: Íslensku menntaverðlaunin Skrifstofa forseta Íslands Staðastað, Sóleyjargötu 1 101 Reykjavík

Tilnefningar til Íslensku menntaverðlaunanna 2006 skulu berast fyrir 15. apríl 2006.

Gleðilega páska!

